

LÖG**um breytingu á barnalögum, nr. 9/1981.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Á eftir 2. málgr. 29. gr. laganna komi ný málgr. svohljóðandi:

Hafi foreldrar barns fengið skilnað erlendis og svo háttar til að því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því, t. d. vegna fjárhagsörðugleika, getur valdsmaður úrskurðað meðlag til forsjáforeldris á hendur Tryggingastofnun ríkisins, enda leggi það fram hið erlenda skilnaðarleyfi eða skilnaðardóm fyrir valdsmanninn. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir þær eftir því sem fært reynist.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. júní 1985.***Steingrímur Hermannsson.****Ólafur Þ. Þórðarson.**
(L. S.)**Magnús Þ. Torfason.***Steingrímur Hermannsson.***LÖG****um veitingu ríkisborgararéttar.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adamsson, Doris Anita, húsmóðir í Öngulsstaðahreppi, f. 30. mars 1960 í Svíþjóð.
2. Anna Lísa Siti Jóhannsdóttir, barn í Svíþjóð, f. 16. júlí 1983 í Indónesíu.
3. Anoruo, Fidelia Emmanuel, verkakona í Reykjavík, f. 12. apríl 1952 í Nígíeríu.
4. Ballzus, Claus Carl, verkfræðingur í Reykjavík, f. 11. mars 1950 í Þýskalandi.